

29. október 2025

Grunnrekstur samstæðu styrkist áfram

– Tilkynnt um samrunaviðræður við Íslandsbanka

Afkoma 3F og 9M 2025 hjá samstæðu Skaga hf.

Helstu lykiltölur 3F 2025

Samstæðan

- Hagnaður eftir skatta nam 717 m.kr. (3F 2024: 427 m.kr.).
- Hagnaður á hlut nam 0,36 kr. á tímabilinu.
- Arðsemi eigin fjár var 13,2% á ársgrundvelli (3F 2024: 8,0%) og gjaldþol samstæðu var 1,28 í lok tímabilsins.
- Eigið fé samstæðu nam 22.128 m.kr. við lok tímabilsins.

Tryggingastarfsemi

- Áframhaldandi tekjuvöxtur í tryggingastarfsemi VÍS sem óx um 9,6% á milli ára.
- Tekjuvöxtur í líf- og sjúkdómatryggingum var 11,7% milli ára.
- Samsett hlutfall var 82,4% (3F 2024: 92,3%).
- Kostnaðarhlutfall var 16,1% (3F 2024: 16,3%).
- Afkoma af váttryggingasamningum nam 1.471 m.kr. (3F 2024: 590 m.kr.)

Fjármálastarfsemi

- Hreinar tekjur af fjármálastarfsemi námu 700 m.kr. (3F 2024: 492 m.kr.) sem er 42% vöxtur á milli ára.
- Eignir í stýringu (e. AuM) stóðu í 236 ma.kr. við lok tímabilsins og nam vöxtur um 4 ma.kr. á milli fjórðunga.
- Afkoma af fjármálastarfsemi var 29 m.kr. fyrir skatta (3F 2024: -32 m.kr.).

Fjárfestingar

- Fjárfestingartekjur námu 470 m.kr (3F 2024: 713 m.kr.) sem samsvarar 1,0% ávöxtun.
- Ávöxtun af fjárfestingum var undir markmiði á tímabilinu.
- Hreinar tekjur af fjárfestingum voru neikvæðar um 277 m.kr. (3F 2024: 119 m.kr.) en þær litast af neikvæðum fjármagnsliðum sem nema samtals 676 m.kr.

Helstu lykiltölur 9M 2025

- Hagnaður fyrir skatta nam 952 m.kr. (9M 2024: 929 m.kr.).
- Hagnaður samstæðu eftir skatta nam 337 m.kr. (9M 2024: 700 m.kr.). Hátt skatthlutfall kemur til vegna lækkunar hlutabréfa á tímabilinu sem er ófrádráttarbært í skattútreikningum.
- Vöxtur tekna í tryggingastarfsemi 9,8% og afkoma af tryggingasamningum nam 2.920 m.kr. (9M 2024: 1.042 m.kr.) sem samsvarar 1.878 m.kr. afkomubata á milli ára.
- Samsett hlutfall 87,7% (9M 2024: 95,2%)
- Kostnaðarhlutfall í tryggingastarfsemi er 17,9% (9M 2024: 18,9%)
- Hreinar tekjur af fjármálastarfsemi námu 2,212 m.kr. (9M 2024: 1,452 m.kr.) og uxu um 52% á milli ára og afkoma nemur 2 m.kr fyrir skatta (9M 2024: -150 m.kr.).

- Fjárfestingartekjur námu 509 m.kr. (9M 2024: 2.011 m.kr.) og hreinar fjárfestingartekjur voru neikvæðar um 1.432 m.kr. (9M 2024: +560 m.kr.). Í samanburði á milli ára nema áhrifin af mismun á hreinum fjárfestingatekjum 1.992 m.kr. til lækkunar á afkomu samstæðunnar.

Haraldur Þórðarson, forstjóri:

„Hagnaður Skaga á þriðja ársfjórðungi nam 717 m.kr. og arðsemi eigin fjár 13,2% á ársgrundvelli. Grunnrekstur samstæðunnar var áfram sterkur sem birtist í talsverðum afkomubata hans á milli ára, sér í lagi í tryggingastarfsemi samstæðunnar sem er áfram í mikilli sókn og skilaði umtalsverðri aukningu á afkomu af váttryggingasamningum. Tekjur af fjármálastarfsemi samstæðunnar uxu í takt við markmið og jukust um 42% milli ára, en afkoma á tímabilinu var undir væntingum þrátt fyrir jákvæða þróun frá fyrra ári. Áfram verður lögð áhersla á að ná arðsemismarkmiðum í fjármálastarfseminni samhliða tekjuvexti. Ávöxtun fjárfestingareigna var lök á fjórðungnum, sér í lagi í hlutabréfafjárfestingum, sem hafði neikvæð áhrif á heildarafkomu samstæðunnar á tímabilinu. Það er ánægjulegt að segja frá því að Skagi hækkaði á milli ára í UFS mati Reitunar en félagið hlaut 81 stig og einkunnina B1. Þá hlaut Skagi ásamt dótturfélögunum VÍS tryggingar og Fossar fjárfestingarbanki nafnbótina Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum, en að viðurkenningunni standa Stjórnvísí, Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Iceland.

Mikill gangur hjá VÍS

Kröftugur vöxtur VÍS hélt áfram á fjórðungnum og jukust tekjur af váttryggingasamningum um tæplega 10% á þriðja ársfjórðungi og á fyrstu níu mánuðum ársins. Afkoma af váttryggingasamningum er sterk, hvort sem horft er til þriðja ársfjórðungs eða fyrstu 9 mánaða ársins. Samsett hlutfall var 82,4% á þriðja ársfjórðungi og var 87,7% á fyrstu 9 mánuðum ársins. Rekstrarbati skýrist af áframhaldandi tekjuvexti í tryggingastarfsemi, hagfelldri tjónaþróun og hagræðingu í rekstri. Þá hafa einskiptisliðir áhrif á afkomu auk þess sem færri stórtjón hafa orðið en síðustu ár. Samstarf við Íslandsbanka er nú komið á fullt og gefur góð fyrirheit um áframhaldandi vöxt váttryggingatekna. VÍS opnaði nýja þjónustuskrifstofu á Akranesi eftir 8 ára fjarveru þar og er það í takti við áherslu félagsins að styrkja þjónustu sína á landsbyggðinni. Þá hefur meðmælatryggð (NPS) aldrei mælst hærrí en í þriðja ársfjórðungi auk þess sem ánægja viðskiptavina heldur áfram að vaxa. Eins og kom fram í tilkynningu til kauphallar þann 10. júlí sl. höfum við því uppfært horfur um samsett hlutfall ársins í annað sinn og er það nú 89,5% - 92,5% (áður 92% - 95%).

Ávöxtun fjárfestingareigna undir áætlunum

Fjárfestingartekjur á þriðja ársfjórðungi námu 470 milljónum eða því sem nemur 1,0% nafnávöxtun samanborið við 1,9% hækkun viðmiðs. Góð afkoma var af skuldabréfum, um 700 m.kr. eða 2,3% ávöxtun og voru ríkisskuldabréf með hæstu afkomuna á fjórðungnum. Á móti lækkuðu skráð hlutabréf um 230 m.kr. eða 2,8% á þriðja fjórðungi. Bætt var í vægi skráðra hlutabréfa á fjórðungnum sem námu 20,5% af eignsafni í lok fjórðungs en á móti dregið úr vægi skuldabréfa og þá helst ríkisskuldabréfa. Fjárfestingartekjur fyrstu 9 mánuði ársins nema samtals 509 m.kr eða sem nemur 1,2% ávöxtun, samanborið við 0,7% hækkun viðmiðs. Á árinu hafa skuldabréf borið uppi alla ávöxtun eignasafnsins en erfitt gengi á hlutabréfamörkuðum hefur litað afkomu fjárfestinga að talsverðu leyti, hvort sem horft er til þriðja ársfjórðungs eða ársins í heild.

Áframhaldandi vöxtur í fjármálastarfsemi

Tekjuvöxtur í fjármálastarfsemi heldur áfram og jukust tekjur, eins og fyrr segir, um 42% milli ára á þriðja ársfjórðungi. Hreinar tekjur af fjármálastarfsemi námu 2.211 milljónum á fyrstu níu mánuðum ársins samanborið við 1.452 milljónir árið áður og nemur vöxturinn því 759 milljónum á milli ára eða 52%. Góður taktur er í uppbyggingu nýrra tekjustoða og dreifingu tekna í fjárfestingabankastarfsemi. Efnahagur Fossa óx á fjórðungnum og hefur ekki verið stærri frá upphafi, eða um 25 ma.kr. Enn fremur hélt bankinn leiðandi stöðu sinni í útgáfum fyrirtækjaskuldabréfa með 8 útgáfum á fjórðungnum. Eignir í stýringu innan

Samstæðunnar nema 236 milljörðum í lok tímabilsins og hafa vaxið um 10 milljarða á árinu, þrátt fyrir dræma ávöxtun á mörkuðum. Það skýrist af bæði aukningu í einkabankapjónustu Fossa og aukningu eigna í stýringu hjá Íslenskum verðbréfum meðal annars vegna stofnun nýrra sjóða. Þessu til viðbótar var í byrjun október tilkynnt um lokun á nýjum 12,6 milljarða lánasjóði í stýringu hjá Íslenskum verðbréfum. Við sjáum áfram mikil vaxtartækifæri í eignum í stýringu samhliða auknu framboði sjóða fyrir viðskiptavinum okkar. Afkoma fjármálastarfseminnar á fyrstu níu mánuðum ársins nam 2 milljónum fyrir skatta og batnar um 152 milljónir á milli ára, þrátt fyrir talsverðan tilkostnað við samþættingu Íslenskra verðbréfa inn í samstæðuna.

Samrunaviðræður við Íslandsbanka

Þann 6. október tilkynntum við um samrunaviðræður Skaga og Íslandsbanka. Við sjáum mikið virði í sameiningu félaganna með því að innleiða samþætt viðskiptamódel sem miðar að styrkleikum beggja félaga. Sameinað félag verður leiðandi á banka- og tryggingamarkaði auk þess sem samruninn býr til öflugri fjárfestingarbanka- og eignastýringarstarfsemi með fjölmörg tækifæri til frekari sóknar.

Stjórnendur áætla að ferlið í heild sinni geti tekið á bilinu 9-12 mánuði og við munum halda fjárfestum og öðrum markaðsaðilum upplýstum um næstu skref um leið og þau skýrast.”

Uppfærðar horfur í tryggingastarfsemi

Rekstrarhorfur Skaga fyrir árið 2025 voru settar fram í upphafi árs en uppfærðar m.t.t. tryggingastarfsemi þann 14. október sl. Rekstrarhorfur eru sem hér segir:

- Tryggingastarfsemi: Samsett hlutfall verði á bilinu 89,5% – 92,5%.
- Fjármálastarfsemi: Hreinar fjármálatekjur² nemi á bilinu 2.900 – 3.500 milljónir. Markmið >3.100 milljónir.
- Fjárfestingartekjur: Áætluð ávöxtun fjárfestingareigna á árinu er 10% en það er byggt á forsendum vaxtastigs í upphafi árs og fjárfestingarstefnu.³

Kynningarfundur

Kynningarfundur vegna uppgjörsins verður haldinn miðvikudaginn 29. október, klukkan 16:30 í höfuðstöðvum félagsins í Ármúla 3, Reykjavík. Haraldur Þórðarson, forstjóri, og Brynjar Þór Hreinsson, fjármálastjóri, munu kynna uppgjörið. Hægt verður að fylgjast með fundinum í beinu streymi og nálgast má upptöku af honum á [fjárfestasiðu](#) félagsins. Þar verður einnig hægt að nálgast kynningarefni fundarins.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Haraldur I. Þórðarson, forstjóri Skaga, í netfanginu haraldur@skagi.is

¹Upplýst verður um afkomuhorfur í trygginga- og fjármálastarfsemi ef þær breytast frá þeim víkmörkum sem kynntar eru. ² Hreinar fjármálatekjur eru allar tekjur í fjármálastarfsemi, þ.m.t. hreinar vaxta- og þóknunatekjur, fjármunatekjur og aðrar tekjur.

² Hreinar fjármálatekjur eru allar tekjur í fjármálastarfsemi, þ.m.t. hreinar vaxta- og þóknunatekjur, fjármunatekjur og aðrar tekjur.

³ Um er að ræða áætlaða ávöxtun fjárfestingareigna VÍS. Ekki verður upplýst um frávík frá áætlaðri ávöxtun fjárfestingareigna. Félagið birtir upplýsingar um stærstu eignir í fjárfestingarstarfsemi í fjárfestakynningum ársfjórðungslega. Hafa skal í huga að heildarstærð fjárfestingarsafnsins getur hækkað og lækkað vegna verðbreytinga, arðgreiðslna, endurkaupa, tilfærslu á ráðstöfun fjármagns innan samstæðu o.fl.